

Til nefndasviðs Alþingis

Umsögn um lagafrumvarp

Sendandi: Landssamband hestamannafélaga.

Reykjavík 03.05. 2012

Númer þingmáls: 633. mál 140. löggjafarþings.

Heiti þingmáls: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum (hesthús).


Landssamband hestamannafélaga (LH) hefur um nokkurt skeið leitað eftir því að lögum nr. 4/1995 verði breytt svo að óyggjandi sé að hesthús hvar sem þau er að finna skattleggist ekki skv. c-lið 3. mgr. 3. gr. laganna heldur skv. a-lið 3. mgr. 3. gr. Með framangreindu frumvarpi er komið til móts við kröfur LH hvað þetta varðar.

Hinn 13. febrúar s.l. fóru fulltrúar LH á fund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis og töluðu fyrir þeirri lausn sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Einnig sátu fundinn fulltrúar frá Samtökum sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og innanríkisráðuneytinu. Á fundinum var ákveðið að fulltrúi innanríkisráðuneytisins skyldi vinna að lagatexta sem gerði ráð fyrir lausn sem væri mjög í anda þess sem LH hafði óskað eftir. Í kjölfarið, eða 19. mars s.l. lagði innanríkisráðherra fram þingskjal nr. 1013 sem hefur að geyma lagafrumvarp þetta. Áður, eða hinn 13. febrúar s.l., höfðu nokkrir þingmenn Framsóknarflokksins lagt fram í máli 510 frumvarp sem svípar mjög til þess frumvarps sem hér um ræðir. Sá munur er á frumvörpunum að einungis hið síðarnefnda hefur að geyma mikilvægt og nauðsynlegt ákvæði til bráðabirgða sem heimilar sveitarstjórnnum að lækka fasteignaskatt á hesthús á árinu 2012 þannig að álagningarhlutfall hans sé hið sama og annarra fasteigna skv. a-lið 3. mgr. 3. gr.

Með vísan til framanritaðs er LH sammála efni frumvarpsins.

Ekki hefur farið fram skoðun á því af hálfu LH hvort þeir útreikningar um meint tekjutap fyrir sveitarfélögin er fylgdu frumvarpinu geti staðist. Í þessu sambandi skal því hins vegar haldið til haga að LH hefur, m.a. á framangreindum fundi 13. febrúar, byggt á því að viðkomandi gjaldtaka skv. framangreindum c-lið 3. mgr. 3. gr. 1. 4/1995 orki a.m.k. tvímælis gagnvart ákvæði 65. gr. stjórnarskrár.

Fyrir hönd Haraldar Þórarinssonar form. stjórnar LH,



Arnór Halldórsson hdl.